

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárjósðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.